

Stjórnskipunarlög  
um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

1. gr.

Aftan við 3. málsg. 75. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnskipulagi Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitunum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

15. des. 1942.